

185

31. okt.

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá I.

Frá og með 1. nóvember næstkomandi gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 15. okt. 1941.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. október 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

186

6. nóv.

GJALDSKRÁ

löggildingarstofunnar, fyrir löggildingu og eftirlit
með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til	5 g		kr. 0.30
—	10 g —	20 g		— 0.50
—	50 g			— 0.60
—	100 g til	200 g		— 0.65
—	½ kg			— 0.75
—	1 —	til 2 kg		— 1.00
—	5 —			— 1.25
—	10 —			— 1.80
—	20 —			— 2.10

2. Metaskálar jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna		kr. 7.00
—	5 — — —		— 8.50
—	10 — — —		— 10.00
—	20 — — —		— 12.00
—	30 — — —		— 13.00
—	yfir 30 kg		— 14.00

3. Borðvogir jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna		kr. 8.50
—	5 — — —		— 10.00
—	10 — — —		— 12.00
—	20 — — —		— 14.00
—	30 — — —		— 17.00
—	yfir 30 kg		— 21.00

4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentesimal):

Vogarþol	100 kg eða minna	kr. 12.00
—	200 — — —	— 14.00
—	300 — — —	— 16.00
—	500 — — —	— 18.00
—	600 — — —	— 19.60
—	1000 — — —	— 21.00
—	2000 — — —	— 30.00
—	yfir 2000 kg	— 45.00

186

6. nív.

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir desímalvogir, með sama vogarþoli og auk þess 10 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. Reizlur (án mundangs):

Vogarþol	3 kg eða minna	kr. 3.00
—	10 — — —	— 5.00
—	20 — — —	— 6.00
—	50 — — —	— 8.00
—	100 — — —	— 10.00
—	300 — — —	— 12.00

Og auk þess 10 aurar fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar:

Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, kr. 1.00 og auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 10 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm, fyrir hvern cm 5 aurar.

7. Mæliker:

Stærð	1 dl og 2 dl	kr. 0.50
—	½ lítri	— 0.75
—	1 — og 2 lítrar	— 1.00
—	5 —	— 2.00
—	10 —	— 3.00

Enn fremur aukagjald fyrir hvern benzínæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 25.00.

2. gr.

Eftirlitsgjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd	50 g eða minna	kr. 0.20
—	½ kg — —	— 0.40
—	5 — — —	— 0.60
—	yfir 5 kg	— 0.80

2. Vogir:

Vogarþol	5 kg eða minna	kr. 2.00
—	30 — — —	— 4.00
—	100 — — —	— 6.00
—	300 — — —	— 8.00
—	600 — — —	— 10.00
—	yfir 600 kg	— 16.00

186 3. Kvarðar:

6. nóv. Lengd $\frac{1}{2}$ m til 1 m kr. 0.60

4. Mæliker:

Stærð $\frac{1}{2}$ lítri eða minna kr. 0.50

— yfir $\frac{1}{2}$ lítra — 1.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingastofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmann löggildingarstofunnar 4 kr. um klukkustund, eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 32 kr. á dag, að viðbætti lögmælti verðlagsuppbót.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi reglugerð nr. 50 29. maí 1923, um sama efni.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Avinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1942.

Magnús Jónsson.

Páll Pálmason.

187

9. nóv.

AUGLÝSING

**um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað,
15. júlí 1937.**

1. gr.

Fyrsta málsgrein annarrar greinar samþykktarinnar orðist svo:

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

2. gr.

Önnur málsgrein annarrar greinar orðist svo:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Önnur málsgrein fjórðu greinar samþykktarinnar orðist svo:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.